

Fimmtudaginn 17. október 1991.

Nr. 228/1991. **Sigurbjörn Eiríksson**

gegn

Rangárvallahreppi,

Steingrími Eliassyni,

Landsbanka Íslands,

Innheimtustofnun sveitarfélaga og

fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs.

Nauðungaruppböð. Áfrýjun. Frestur. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. júní 1991. Áfrýjað er úrskurði uppböðsréttar Rangárvallasýslu, sem kveðinn var upp 15. maí sama ár, en úrskurðarorð er svohljóðandi:

„2. Sala á fasteigninni Stóra-Hof (sic), Rangárvallahr., fer nú fram.“

Er mál þetta var þingfest á dómþingi Hæstaréttar 2. október sl., óskaði áfrýjandi eftir fresti til febrúar 1992. Af hálfu stefnda, Steingríms Eliassonar, var frestun málsins mótmælt, en jafnframt krafist frávísunar þess frá Hæstarétti. Þá var af hálfu þessa stefnda krafist málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Aðrir stefndu hafa eigi látið þetta ágreiningsefni til sín taka.

Er annað uppböð hafði farið fram á framangreindri eign 15. maí sl., óskaði áfrýjandi eftir þriðja og síðasta uppböði, og ákvað uppböðshaldari, að það skyldi fara fram 11. júní sl. Áður en til þess kæmi, hafði uppböðsheimild Steingríms Eliassonar, sem er fjárnám, og dóminum, sem það byggðist á, verið áfrýjað til Hæstaréttar. Er það mál nr. 233/1991: Sigurbjörn Eiríksson gegn Steingrími Eliassyni, þingfest 2. október sl. og frestað til febrúar 1992.

Í þinghaldi í uppböðsrétti 11. júní sl. var því mótmælt af hálfu áfrýjanda, að þriðja uppböð færi fram. Var þá enn kveðinn upp úrskurður í málinu. Samkvæmt honum var með vísan til 7. gr. laga um nauðungaruppböð nr. 57/1949 þriðja og síðasta uppböði frestað, uns dómur liggur fyrir í áður nefndu hæstaréttarmáli nr. 233/1991. Þessi seinni úrskurður var kærður til Hæstaréttar, og er það mál nr. 353/1991: Steingrímur Eliasson gegn Sigurbirni Eiríkssyni.

Dómur í kærumálinu var kveðinn upp 18. september sl. Var úrskurður uppboðsréttar staðfestur.

Stefndi Steingrímur Eliasson reisir frávisunarkröfu sína á því, að mál þetta sæti ekki áfrýjun heldur kæru.

Áfrýjandi byggir áfrýjun málsins á 4. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Uppboðsheimild stefnda Steingríms Eliassonar er frá 9. nóvember 1990, en sjálft uppboðsmálið hófst 1985. Í greinargerð áfrýjanda um frávisunarkröfuna kemur ekki fram, að uppboðsheimildir annarra stefndu séu vefngdar. Mótmæli áfrýjanda gegn því, að annað og síðara uppboð færi fram, voru studd þeim rökum einum, að „aðrir lögmenn kröfuhafa hafi frestað...“ Eigi verður séð, að þá hafi verið komin fram mótmæli gegn réttmæti uppboðsheimildar stefnda Steingríms. Viðbrögð áfrýjanda, er annað og síðara uppboð hafði farið fram, voru að krefjast þriðja og síðasta uppboðs og síðan frestunar þess. Verði efnisdómur kveðinn upp í Hæstarétti í fyrrnefndu máli nr. 233/1991, mun væntanlega verða skorið úr um gildi uppboðsheimildar stefnda Steingríms og þar með ráðast réttur hans til aðildar að uppboðsmálinu.

Samkvæmt þessu voru ekki skilyrði til áfrýjunar umrædds úrskurðar og annars og síðara uppboðs á jörðinni Stóra-Hofi. Ber því að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda Steingrími Eliassyni 35.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Sigurbjörn Eiríksson, greiði stefnda Steingrími Eliassyni 35.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.